



ADHD
samtökin

Ársskýrsla 2024

ADHD samtökin
581-1110
adhd.is
adhd@adhd.is

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit		i
Yfirlit mynda		ii
1	Ársskýrsla ADHD samtakanna fyrir árið 2024	1
2	Fræðsluefni – Útgáfa	3
2.1	Bæklingar	3
2.2	Útgáfa bóka	4
3	Starfsemi ársins	5
3.1	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	6
3.2	Fyrirlestrar, og fræðslu- og spjallfundir	7
3.3	TEAM ADHD – Reykjavíkurmaraþon Íslandsbanka	8
3.4	Námskeið og fræðsla	8
4	Kynningarmál	11
4.1	Samfélagsmiðlar	11
4.2	ADHD í beinni	11
4.3	Lífið með ADHD	11
4.4	Fjölmiðlaumfjöllun	12
4.5	Ályktanir og umsagnir	13
4.6	Landsbyggðin	14
4.7	Málþing – Konur – vitund og valdefling	15
5	Samstarf	16
5.1	Norrænt samstarf	16
5.2	ADHD Europe	16
5.3	ADHD World Federation	16
5.4	CHADD í Kaliforníu	17
5.5	Samstarf og starfshópar	17
5.6	ADHD og tengsl við sköpun	18
5.7	Helstu áherslur	18
6	Starfsmannamál	21
7	Stjórn samtakanna	22
8	Ársreikningur	23

YFIRLIT MYNDA

Forsíða	Auglýsingamynd úr málþingi samtakanna 2024	
Mynd 1	Kristín Þórisdóttir á Málþing ADHD samtakanna 2024	1
Mynd 2	FIT&RUN kynningarbás samtakanna 2024	2
Mynd 3	Bæklingar samtakanna	3
Mynd 4	Endurskinsmerki ADHD Samtakanna	4
Mynd 5	Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna	6
Mynd 6	Mynd frá fræðslufundi í Seljakirkju	7
Mynd 7	Starfsfólk á hlaupi í Reykjavíkumaraþoni Íslandsbanka	8
Mynd 8	Auglýsing fyrir haustnámskeið samtakanna 2024	9
Mynd 9	Kærleikur í Kaos - Rafrænt foreldranámskeið	10
Mynd 10	Logo ADHD í beinni	11
Mynd 11	Umsagnir við frumvörp	13
Mynd 12	Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna um landið	14
Mynd 13	Auglýsingamynd úr málþingi samtakanna 2024 (aftur)	15
Mynd 14	Logo ADHD Europe	16
Mynd 15	CHADD ráðstefna Anaheim, Kaliforníu	17
Mynd 16	Erfðir Sköpunargáfu	18
Mynd 17	Starfsfólk samtakanna	20
Mynd 18	Mynd frá aðalfundi ADHD samtakanna 2024	22

ÁRSSKÝRSLA ADHD SAMTAKANNA FYRIR ÁRIÐ 2024

ADHD samtökin voru stofnuð 7. apríl 1988 og hétu upphaflega foreldrafélag misþroska barna. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldurskeiðum.



Kristín Þórisdóttir, kynlífs markþjálfari
á Málþing ADHD samtakanna 2024

Samtökin vinna að markmiðum sínum með því að búa yfir eða eiga í samstarfi við aðila sem hafa framúrskarandi þekkingu á greiningu, meðferð og stuðningi við einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Þeirri þekkingu er miðlað til hagsmunaaðila með ráðgjöf og öflugum fræðslustarfi ásamt því að sinnt er markvissri hagsmunagæslu í eigin nafni eða í góðu samstarfi við aðra með sömu baráttumál á stefnuskrá sinni.

Eftir annasamt 35 ára afmælisár árið 2023, var liðið starfsár meira með hefðbundnu sniði. Árið var nýtt til að sinna brýnum hagsmunamálum, upplýsingagjöf og sífellt vaxandi fræðslustarfi og námskeiðahaldi. Félagsmönnum fjölgaði úr 4470 í 4776 eða um 7%. Ein skráning gildir fyrir hverja fjölskyldu en bak við þá tölu reynast yfirleitt mun fleiri þar sem ekki er óalgengt að aðrir fjölskyldumeðlimir glími einnig við röskunina.

Á árinu var starfsemi í öllum sjö útibúum samtakanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna jókst enn og mikil áhersla var lögð á lyfjamál, ADHD og samgöngur og baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD.

Líkt og undanfarin ár, grundvallast kraftmikil starfsemi ADHD samtakanna fyrst og fremst á rausnarlegum stuðningi almennings við samtökin. Á árinu nutu samtökin auk þess veglegs stuðnings frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, Mennta- og barnamálaráðuneytinu, Reykjavíkurborg, Lýðheilsusjóði og ÖBÍ-réttindasamtökum svo helstu styrktaraðilar séu nefndir.

Skrifstofa samtakanna var opin alla virka daga ársins. Samtökin veita fullorðnum, foreldrum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og sinna þeim sem á skrifstofuna leita. Gott samstarf er milli ýmissa félagasamtaka, sem deila húsnæði að Háaleitisbraut 13. ADHD samtökin eru þar að auki eitt af stofnfélögum Sjónarhóls ráðgjafamiðstöðvar.

Ársskýrsla ADHD samtakanna miðast við almanaksárið í samræmi við ársreikninginn og á að gefa gott yfirlit yfir starfsemi félagsins og helstu verkefni.



Samtökin létu sig ekki vanta á FIT&RUN 2024

Á árinu var starfsemi í öllum sjö útibúum samtakanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna jókst enn og mikil áhersla var lögð á lyfjamál, ADHD og samgöngur og baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD.

FRÆÐSLUEFNI

Bæklingar

ADHD samtökin hafa verið öflug í útgáfu bóka og fræðslubæklinga á liðnum árum. Nýir bæklingar eru gefnir út nánast árlega og þeir eldri endurgerðir og/eða endurprentaðir reglulega.

Einnig er unnið að þýðingu allra fræðslubæklinga yfir á ensku og pólsku til að mæta þörfum sem flestra í íslensku samfélagi. Árið 2024 var unnið að nýjum fræðslubæklingi um konur og ADHD og er stefnt að útkomu hans árið 2025, á íslensku, ensku og pólsku.

Fræðslubæklingar ADHD samtakanna fást án endurgjalds og standa öllum til boða. Þá er einnig að finna í rafrænni útgáfu á vefsíðu samtakanna www.adhd.is



Útgefnir bæklingar

- Hvað er ADHD? (almennur fræðslubæklingur um ADHD, endurbættur 2023)
- What is ADHD? (sami bæklingur á ensku 2016)
- Co to Jest? (sami bæklingur á pólsku 2016)
- Börn og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2019)
- Children and ADHD (sami bæklingur á ensku 2019)
- Dzieci i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2019)
- Stúlkur og ADHD (2011)
- Ha, ertu að tala við mig? (endurbættur 2023)
- ADHD utan skólastofunnar (ætlaður starfsfólki grunnskóla, endurbættur 2023)
- Unglingar og ADHD (2014, endurgerður 2022)
- Teenagers and ADHD (sami bæklingur á ensku 2022)
- Młodzież z ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Náin sambönd og ADHD (2016)
- Afbrot og ADHD (2016)
- Systkini og ADHD (2018)
- Atvinna og ADHD (2019)
- ADHD in the Workplace (sami bæklingur á ensku 2022)

- Praca i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2022)
- Fullorðnir og ADHD (2011, endurbætt útgáfa 2020)
- Adults and ADHD (sami bæklingur á ensku 2020)
- Dorosli i ADHD (sami bæklingur á pólsku 2020)

Útgáfa bóka

Engar nýjar bækur voru gefnar út hjá samtökunum árið 2024. Bækur ADHD samtakanna eru því þessar:

- ADHD og farsæl skólaganga (í samvinnu við Námsgagnastofnun, endurútgefin 2015)
- Leynardómar heilans – láttu verkin tala (2014)
- Leikskólar og ADHD (2015)
- Ferðalag í flughálfu, unglíngar og ADHD (2017, endurútgefin 2021)
- Elli – Dagur í lífi drengs með ADHD (2020)
- Hámarksárangur í námi með ADHD (2010)
- Hámarksárangur í námi með ADHD – verkefnabók (2009)

Endurskinsmerki ADHD Samtakanna

Hefðbundin sala á endurskinsmerkjum fór fram í októbermánuði, en að þessu sinni voru seld eldri endurskinsmerki með teikningum eftir Hugleik Dagsson. Með hverju merki fylgdi örbæklingur sem inniheldur helstu upplýsingar um ADHD.

ATHYGLI
JÁ TAKK!

BETRA LÍF MEÐ
ADHD

ADHD í 35 ár


Endurskinsmerki frá Hugleiki Dagssyni til styrktar ADHD samtökunum 1.500 kr.

Kauptu þitt eintak á adhd.is

STARFSEMI ÁRSINS

ADHD samtökin fengu umtalsverða styrki á yfirstandandi ári, bæði með beinum styrkjum og í gegnum styrktarmannakerfi samtakanna, Snillingar ADHD samtakanna, sem nýttust vel til að efla starfsemina. Þúsundir einstaklinga og fyrirtækja lögðu samtökunum þannig lið og nutu skattaafsláttar í samræmi við skráningu samtakanna á almannaheillaskrá RSK.

Stærri styrkir bárust síðan frá Félags- og vinnumarkaðsráðherra, Mennta- og barnamálaráðherra, Reykjavíkurborg, ÖBÍ, Lýðheilsusjóði, Reykjanesapóteki, Sorpu/Góða-hirðinum, Innigörðum, Landvélum, Flugger, stuðningsmönnum Wales í fótbolta og fleirum.



Próun skráðra félaga frá 2021, aðeins þarf eina skráningu per heimili

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í fjórða sinn á árinu, en þau eru ætluð hverjum þeim sem með mikilsverðum hætti hefur lagt sitt af mörkum til bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi. Verðlaunin má veita til einstaklinga, félagasamtaka, stofnanna, fyrirtækja eða hverskyns lögaðila.

Hljóðbókasafn Íslands hlaut hvatningarverðlaun ADHD samtakanna árið 2024, fyrir ómetanlega þjónustu til handa börnum og fullorðnum með ADHD sem erfitt eiga með að nýta sér prentað mál. Verðlaunin voru afhent á málþinginu Konur – vitund og valdefling sem haldið var í Jötunheimum, sal Skátafélagsins Vífils í Garðabæ.

Borgarfulltrúinn, Dóra Björt Guðjónsdóttir og formaður ADHD samtakanna, Vilhjálmur Hjálmarsson afhentu Marínu Guðrúnu Hrafnadóttur forstöðukonu Hljóðbókasafnsins viðurkenningarskjal og glæsilegt málverk eftir Aron Leví Beck (albeck).

Í ávarpi sínu við verðlaunaafhendinguna fór Vilhjálmur yfir rökstuðning stjórnar fyrir valinu og sagði m.a. eftirfarandi:

„Þetta árið beinum við sjónum að rétt rúmlega fertugum öldungi, hvers forsaga nær reyndar mun lengra aftur. Handhafi hvatningarverðlaun ADHD samtakanna 2024 er Hljóðbókasafn Íslands fyrir ómetanlega þjónustu til handa börnum og fullorðnum með ADHD sem erfitt eiga með að nýta sér prentað mál.

Forsögu safnist má rekja til segulbandstækni sjötta áratugarins þegar Blindravinafélag Íslands og Blindrafélagið hófu innlestur bóka.

Síðar meir gengu Helga Ólafsdóttir og Gísli Helgason á fund menntamálaráðherra sem aftur leiddi til lagasetningar og 1983 tók Blindrabókasafn Íslands formlega til starfa.



Hljóðbókasafn Íslands hlaut hvatningarverðlaun ADHD samtakanna árið 2024, fyrir ómetanlega þjónustu til handa börnum og fullorðnum með ADHD sem erfitt eiga með að nýta sér prentað mál.

Frá vinstri til hægri: Dóra Björt Guðjónsdóttir Borgarfulltrúi, Marín Guðrún Hrafnadóttir forstöðukona Hljóðbókasafnsins Vilhjálmur Hjálmarsson formaður ADHD samtakanna

Með nýjum bókasafnalögum og reglugerð frá 2013 var nafni safnsins breytt og til varð Hljóðbókasafn Íslands. Í reglugerð segir: „Hlutverk Hljóðbókasafns Íslands er að sjá þeim sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun áfjölbreyttu safnefni. Hér getur m.a. verið um að ræða blinda, sjónskerta, lesblinda o.fl. Sérstök áhersla skal lögð á námsþjónustu.“ En um leið afmarkast þjónusta safnsins að mestu við höfundarréttarsamninga og fjármagni ríkisins í samræmi við þá.

Nú er það svo að ADHD greining ein og sér réttlætir ekki aðgengi að Hljóðbókasafni Íslands, enda um stóran hóp að ræða og langt í frá að öll okkar eigi í vandræðum með að nýta sér „venjulegt prentað letur.“ Vissulega finnst mörgum gott að hlusta á hljóðbækur, þar sinna vel almenn bókasöfn og streymisveitur þörfum fjöldans. En fyrir þau í okkar hópi sem þurfa, hefur þjónusta Hljóðbókasafns Íslands skipt sköpum, svo vægt sé til orða tekið.

Í aðdraganda fyrrnefndrar lagabreytingar reyndist lykilatriði framsýni þáverandi forstöðukonu og starfsmanna safnsins sem tryggði að ný lög og reglugerð yrðu ekki um of íþyngjandi. Fyrir utan hið augljósa, að safnið þjónusti blinda og sjónskerta, er einungis gerð krafa um að umsókn fylgi staðfesting frá fagaðila – þess vegna kennara eða námsráðgjafa – þar sem vottað er að einstaklingur hafi tiltekna greiningu og eigi jafnframt erfitt með að lesa sér til gagns.

Það er ekki síst fyrir þennan þátt sem Hljóðbókasafn Íslands er handhafi hvatningarverðlauna ADHD samtakanna 2024.“

Fyrirlestrar, fræðslu- og spjallfundir

Á árinu voru haldnir 25 spjall- og fræðslufundir vítt og breytt um landið, í útibúum og höfuðstöðvum samtakanna. Beinar útsendingar í lokaða hópnum „ADHD í beinni“ voru einnig frá níu af fundunum. Einn af fundunum var á pólsku.

Á árinu fengu samtökin styrk frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til að efla fræðslu samtakanna fyrir starfsfólk skóla, leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Verkefnið ber yfirskriftina ADHD 101 – fræðsla til farsældar.

Á árinu voru haldin sextán fræðsluerindi/námskeið undir hatti verkefnisins, bæði á staðnum og í gegnum fjarfundarbúnað og voru þátttakendur á þeim ríflega 700 – aðallega starfsfólk skóla.



TEAM ADHD

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka fór fram í lok ágúst. Á þriðja tug einstaklinga hljóp fyrir ADHD samtökin að þessu sinni og söfnuðu þau vel á þriðja hundrað þúsunda.

Námskeið og fræðsla

Námskeiðahald var svipað og árið 2023, sem var algert metár en nokkuð dró úr þátttöku. Þrjú ný námskeið hófu göngu sína; Polski ADHD seminar – vefnámskeið á pólsku fyrir fullorðna með ADHD, ADHD og náin sambönd og Kærleikur í Kaos – vefnámskeið fyrir aðstandendur barna með ADHD.

Hið síðastnefnda, Kærleikur í Kaos er eitt af stærri verkefnum samtakanna, en að þessu námskeiði hefur verið unnið sl. fimm ár. Námskeiðið er byggt á samnefndu dönsku námskeiði og hefur það verið þýtt og staðfært. Heilbrigðisráðherra opnaði fyrir aðgang að námskeiðinu í nóvember 2024.

Á liðnu ári voru annars haldin 25 almenn námskeið á vegum samtakanna og sóttu þau um 370 einstaklingar, 95 karlar og 275 konur. Samfara auknu námskeiðahaldi á netinu fjölgaði þeim sem sóttu námskeið samtakanna utan höfuðborgarsvæðisins nokkuð.

Líkt og undanfarin ár hafa námskeið samtakanna fyrir fullorðna verið mikið nýtt af VIRK og á árinu hófst sambærilegt samstarf við Vinnumálastofnun.

Þau námskeið sem ADHD samtökin buðu upp á árið 2024 voru þessi:



ADHD og ég

Kynja- og aldursskipt sjálfstyrkingarnámskeið sem ætlað 10-12 ára og 13-15 ára börnum með ADHD, annarsvegar drengjum og hins vegar stúlkum. Námskeiðið er í tveimur hlutum og yfir eina helgi.

Taktu stjórnina

Færninámskeið fyrir fullorðna sem telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 4 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins en námskeiðið hefur verið haldið reglulega undanfarin ár. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

Grunnskólinn og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið ætlað grunnskólakennurum.

Leikskólinn og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið ætlað starfsfólki leikskóla.

Foreldranámskeið

·Að venju var boðið upp á fræðslunámskeið fyrir foreldra barna með ADHD, annarsvegar fyrir aldurshópin 6-12 ára og hins vegar 13-18 ára. Námskeiðið nær yfir tvo laugardaga og er ávallt vel sótt. Fyrirlesarar eru allir sérfræðingar í málefnum ADHD og búa yfir gríðarmikilli reynslu á því sviði. Námskeiðin eru bæði aðgengileg í gegnum streymi og á staðnum.

Understanding ADHD

·Nýtt fjögurra tíma fjarnámskeið, fyrir fullorðna enskumælandi einstaklinga með ADHD. Lögð er áhersla á hagnýtar aðferðir til að takast á við þær áskoranir sem geta fylgt ADHD og leiðir til að nýta styrkleika hvers og eins. Foreldrahlutverkinu eru einnig gerð góð skil. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

Námskeið ADHD samtakanna

Fjölbreytt og vönduð fjar- og staðnámskeið fyrri börn og fullorðna með ADHD, aðstandendur barna með ADHD, kennara, starfsfólk skóla, tómstunda- og íþróttamiðstöðva ofl.



<p>Fjármál og ADHD Stutt fjarnámskeið með aðferðum sem virka fyrir fólk með ADHD.</p>	<p>ADHD og ég — yngri Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 10-12 ára ungmenni með ADHD.</p>	<p>ADHD og ég — eldri Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir 13-15 ára ungmenni með ADHD.</p>
<p>Áfram veginni! Fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD. Á netnámskeiðinu ætlum við að fræðast um ADHD með styrkleika að leiðarljósi.</p>	<p>Aðstandendanámskeið Fjar- og staðnámskeið fyrir aðstandendur 6-12 ára barna og 13-18 ára unglinga með ADHD.</p>	<p>Polski ADHD Polski ADHD seminar</p>
<p>Understanding ADHD A Two-Part webinar for English-speaking adults with ADHD and parents of children with ADHD.</p>	<p>Taktu stjórnina Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD.</p>	<p>Áfram stelpur Fræðslu- og sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir konur með ADHD.</p>
<p>ADHD og nán sambönd Námskeið fyrir þór og einstaklinga þar sem ADHD kemur við sögu.</p>	<p>Leikskólinn og ADHD Fjarnámskeið fyrir kennara og annað starfsfólk leikskóla um birtingarmyndir ADHD og úrræði sem virka í kennslu.</p>	<p>Grunnskólinn og ADHD Fjarnámskeið fyrir kennara og leiðbeinendur um birtingarmyndir ADHD og úrræði sem virka í kennslu.</p>

Polski ADHD seminar

Nýtt fjögurra tíma fjarnámskeið, fyrir fullorðna pólskumælandi einstaklinga með ADHD. Lögð er áhersla á hagnýtar aðferðir til að takast á við þær áskoranir sem geta fylgt ADHD og leiðir til að nýta styrkleika hvers og eins. Foreldrahlutverkinu eru einnig gerð góð skil. Námskeiðið

Tölvuleikjagerð og Minecraft

Fjögurra tíma námskeið fyrir 10-14 ára börn í samstarfi við Skema í HR í Tölvuleikjagerð og Minecraft. Námskeiðið er tvískipt. Annars vegar tölvuleikjagerð í Scratch og hins vegar sköpun í Minecraft.

Áfram stelpur

Færninámskeið sem þróað var vegna óska félagsmanna um námskeið sem sérstaklega væri ætlað konum með ADHD. Námskeiðið telur 10 klukkustundir og skiptist niður á 3 virka daga. Sérfræðingar á vegum ADHD samtakanna halda utan um kennslu og framkvæmd námskeiðsins og hefur það fengið afar góðar viðtökur. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

Skólaumhverfið og ADHD

Þriggja tíma fjarnámskeið fyrir starfsfólk grunnskóla og tómstundamiðstöðva sem ekki starfa við kennslu.

ADHD og fjármál

Fjögurra tíma fjarnámskeið um fjármál, með aðferðum sem virka fyrir fólk með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

ADHD og nán samskipti

Fimm tíma fræðslunámskeið fyrir fullorðna í ADHD parasambandi.

Kærleikur í Kaos

Fimm þátta vefnámskeið fyrir aðstandendur barna með ADHD, byggt á dönsku námskeiði. Námskeiðið er opið allan sólarhringinn, allan ársins hring og er ókeypis fyrir félagsfólk ADHD samtakanna.

Áfram veginn!

Fjögurra tíma fjarnámskeið fyrir fullorðna með ADHD um áskoranir daglegs lífs og leiðir til að ná tökum á þeim og njóta lífsins með ADHD. Námskeiðið er m.a. nýtt af skjólstæðingum VIRK starfsendurhæfingar.

Kærleikur í kaos, rafrænt foreldranámskeið



KYNNINGARMÁL

Samfélagsmiðlar

Samfélagsmiðlar spila æ ríkara hlutverk í upplýsingamiðlun samtakanna. Nú starfrækja ADHD samtökin átta Facebook síður (aðalsíða samtakanna og útibúin) og eina Instagram síðu og koma auk þess með virkum hætti að starfi sjö öflugra Facebook hópa um ýmis málefni.

Fylgjendur samtakanna á Facebook voru í árslok 18.887 (fjölgaði um 7% á árinu) og 2695 á Instagram (fjölgaði um 10% á árinu). Þátttakendur í þeim spjallhópum sem samtökin koma að hefur einnig fjölgað og eru þar ríflega 30.000 þátttakendur samanlagt.



ADHD í Beinni

Facebook síðan „ADHD í beinni“ hefur notið vaxandi vinsælda en þar er streymt ýmsum viðburðum samtakanna s.s. fundum og fyrirlestrum. Ofangreint svæði er opið fyrir alla skuldlausa félagsmenn samtakanna.


Lífið með ADHD

Lífið með ADHD – hlaðvarp ADHD samtakanna lá í dvala árið 2024.


Fjölmiðlaumfjöllun

Samtökin standa fyrir og hafa áhrif á að fjallað sé um efni er snerta málaflokkinn með ýmsum hætti. Formaður, varaformaður, framkvæmdastjóri og sérfræðingur úr stjórn samtakanna sátu reglulega fyrir svörum og voru áberandi í fjölmiðlum, bæði útvarpi og sjónvarpi, þegar málefni tengd ADHD röskuninni voru til umræðu.

Samkvæmt samantekt Creditinfo á fjölmiðlaumfjöllun um samtökin dró talsvert úr umfjöllun fjölmiðla um ADHD á milli ára, ekki síst á vefnum – sjá nánar hér:



Umfang umfjöllunar eftir tegundum fjölmiðla árið 2024



Þróun fjölda fréttanna árið 2024 samanborið við 2023

	2023	2024
Netmiðlar	50	31
Prentmiðlar	3	5
Sérvefir	12	6
Sjónvarp/Útvarp	9	8
Samtals	74	50

Þróun fjölda fréttanna árið 2024 samanborið við 2023

Ályktanir og umsagnir

Stjórn samtakanna beitti sér mér ýmsum hætti opinberlega á árinu. Auk greinaskrifa og viðtala í fjölmiðlum sendu samtökin frá sér eina ályktun og eitt opinbert erindi vegna alvarlegra brota á réttindum starfsfólks með ADHD sem vinnur við flug.


Ályktanir og áskoranir:

Apríl – Vantraust og kerfishrun í þjónustu við fólk með ADHD – ályktun aðalfundar um þá alvarlegu stöðu sem uppi er í þjónustu hins opinbera við fólk með ADHD. Í ályktuninni er skorað á Heilbrigðisráðherra annarsvegar og landlækni hins vegar að grípa nú þegar til aðgerða vegna stöðunnar.

Umsagnir og athugasemdir:

Janúar – Formlegt erindi sent til ISAVIA, Samgöngustofu, Icelandair, Fly Play, Heilsuvernd og Fluglæknasetrinu þar sem óskað er eftir skýrum svörum við nokkrum spurningum er varða starfshætti flug rekstraraðila þegar kemur að ráðningum og eftirliti með heilsufari starfsfólks, ekki síst með tilliti til ADHD og mögulegrar lyfjanotkunar vegna þess.





Yfirlitskort af útibúum ADHD samtakanna

Landsbyggðin

ADHD samtökin hafa undanfarin ár stóraukið starfsemi sína á landsbyggðinni, bæði með stofnun útibúa og aukinni rafrænni starfsemi. Nú starfa því sjö útibú á landsbyggðinni þar sem boðið er uppá spjallfundi og ýmiskonar samskipti sem ætlar er að styrkja samfélag fólks með ADHD á svæðunum. Útibúin er misvirk, en starfsemin í Vestmanneyjum og á Suðurnesjum var sérstaklega blómleg á liðnu ári.

Víða um land hafa leik- og grunnskólar staðið fyrir fræðslu og námskeiðahaldi í samstarfi við ADHD samtökin, m.a. að frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi slíkrar fræðslu vítt og breitt um landið.

Málþing – Konur – vitund og valdefling

Í tilefni af alþjóðlegum vitundarmánuði fólks með ADHD héldu samtökin opið málþing í lok október, venju samkvæmt. Yfirskrift málþingsins var „Konur – vitund og valdefling“ og var því ætlað að varpa ljósi á fjölbreyttar birtingarmyndir ADHD hjá konum..

Á málþinginu, sem haldið var á Skátaheimilinu Jötunheimum í Garðabæ og var vel sótt, voru flutt afar áhugaverð erindi um stöðuna og fjölbreyttar birtingarmyndir ADHD hjá konum. Þau sem fram komu á málþinginu voru Dóra Björt Guðjónsdóttir, borgarfulltrúi, Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður ADHD samtakanna, Gyða Haraldsdóttir, varaformaður ADHD samtakanna, Arndís Vilhjálmisdóttir, geðhjúkrunarfræðingur, Unnur Jakobsdóttir Smári, sálfræðingur og doktorsnemi, Kristín Þórisdóttir, kynlífs markþjálfari, Ragga Nagli, sálfræðingur og einkaþjálfari, Elín Hinriksdóttir, sérfræðingur ADHD samtakanna og Þórdís Þorfinnsdóttir, leik- og söngkona sem stýrði málþinginu.

Á málþinginu voru sem fyrr segir Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna veitt í fjórða sinn en þau hlutu Hljóðbókasafnið.



SAMSTARF



Norrænt samstarf

ADHD samtökin hafa um árabíl verið aðilar að norrænu samstarfi og er það samtökunum afar mikilvægt að vinna með frændþjóðum okkar að ýmsum sameiginlegum verkefnum og stefnumótun. Formaður og framkvæmdastjóri tóku þátt í fundi hópsins í Kaupmannahöfn.

ADHD Europe


Samtökin eru meðlimir í ADHD Europe og er framkvæmdastjóri samtakanna, Hrannar B. Arnarsson varaforseti samtakanna. Auk Hrannars starfa ýmsir úr stjórn og starfsfólk samtakanna í ráðum og nefndum ADHD Europe.

ADHD World Federation

Árið 2023 samþykkti stjórn að sækja um aðild að ADHD World Federation. Enginn sótti þing samtakanna þetta árið.

CHADD í Kaliforníu

Í lok árs tóku formaður og framkvæmdastjóri þátt í CHADD ráðstefnunni, sem haldin var í Anaheim, Kaliforníu. CHADD ráðstefnan er stærsti viðburður hvers árs sem fjallar um málefni fólks með ADHD.



CHADD ráðstefna Anaheim, Kaliforníu

Samstarf og starfshópar

Fulltrúar ADHD samtakanna hafa unnið ötullega með ÖBÍ – réttindasamtaka í baráttu fyrir bættum hag einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir. Formaður samtakanna, Vilhjálmur Hjálmarsson, var formaður málefnaþóps ÖBÍ um heilbrigðismál en á aðalfundi ÖBÍ var hann kjörin varaformaður samtakanna. Bergþór Þórðarson, varamaður í stjórn samtakanna, gegndi varaformennsku í ÖBÍ fram að aðalfundinum. Þá sat framkvæmdastjóri samtakanna í málefnaþópi um atvinnu-og menntamál og fulltrúi samtakanna gegnir einnig störfum í laganefnd ÖBÍ.

Varaformaður samtakanna, Gyða S. Haraldsdóttir tók þátt í starfi vinnuhóps heilbrigðisráðherra, sem hafði það hlutverk að skrifa Grænbók um ADHD á Íslandi. Grænbókin leit dagsins ljós í samráðsgátt Stjórnarráðsins undir lok árs 2024. Samtökin eru aðili að Almannaheillum og situr Tryggvi Axelsson í stjórn samtakanna.

Sem einn af stofnaðilum ráðgjafarmiðstöðvar Sjónarhóls skipa samtökin fulltrúa í stjórn þeirra og gegnir Hrannar B Arnarsson, framkvæmdastjóri samtakanna nú formennsku í stjórn Sjónarhóls.

Rannsókn Íslenskrar erfðagreiningar um ADHD og tengsl við sköpun

Á árinu náðist samkomulag við Íslenska erfðagreiningu um samstarf varðandi umfangsmikla faraldsfræðilega rannsókn á ADHD á Íslandi. Megin rannsóknarefnið eru möguleg tengsl ADHD við sköpunargáfu, en einnig eru fjöldi spurninga ADHD og daglegt líf. Rannsókninni var hleypt af stokkunum undir haust 2024 en reiknað er með fyrstu niðurstöðum á árinu 2025.



ERFÐIR SKÖPUNARGÁFU

Helstu áherslur

Stór hluti af starfsemi samtakanna varðar hagsmunagæslu. Undanfarið ár hefur þetta einkum snúið að lyfjaumræðu, réttindum fólks með ADHD í flugi og umferðinni, óviðunandi þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD, þjónustu geðlækna- og sálfræðinga og annarra atriða er snerta réttindi einstaklinga með ADHD, til að mynda rétt þeirra til náms.

Barátta samtakanna á liðnum árum hefur skilað því, að allt þjónustukerfi hins opinbera við greiningar og meðferð á ADHD var tekið til endurskoðunar í lok árs 2021. Endurskoðuninni fylgdu fögur fyrirheit um styttingu biðlista og aukin meðferðarstuðning og hefur liðið ár mikið farið í að fylgja þessum breytingum og fögru fyrirheitum eftir, bæði gagnvart ráðherra, einstökum þjónustuaðilum, fagstéttum sem koma að greiningum og embætti landlæknis og í almennri umræðu.

Því miður hefur árangurinn ekki verið sem skyldi og biðlistar hafa ekkert styst. Þvert á móti hafa þeir lengst og biðtími sömuleiðis, bæði hjá fullorðnum og börnum. Nýtt ADHD teymi HH (Heilsugæsla Höfuðborgarsvæðisins) fyrir fullorðna hefur hvergi nærri undan álaginu og hafa biðlistar þar tvöfaldast á árinu. Hjá Geðheilsumiðstöð barna, sem tók yfir starfsemi Þroska- og hegðunarmiðstöðvar árið 2022, hefur á sama tíma lítið gengið að vinna niður biðlista, en haldið er í horfinu milli ára. Í lok árs voru hátt í 4000 einstaklingar á biðlistum hjá hinu opinbera, 2600 fullorðnir og 1400 börn. Á árinu ákvað umboðsmaður Alþingis að taka til skoðunar þá löngu biðlista sem eru við líði í heilbrigðiskerfinu. Enn hefur ekkert komið út úr þeirri skoðun.

Óhætt er að segja að ástandið sé grafalvarlegt og algerlega óásættanlegt. Vegna baráttu samtakanna ákvað heilbrigðisráðherra árið 2023 að skipa vinnuhóp, sem ætlar var að skrifa stefnumarkandi Grænbók um málefni ADHD á Íslandi. Varaformaður ADHD samtakanna, Gyða S. Haraldsdóttir átti sæti í hópnum. Hópurinn skilaði loks af sér skýrslu í lok árs 2024. Að mati ADHD samtakanna voru verulegir anmarkar á vinnu Grænbókarnefndarinnar og hún í raun, ónothæf sem grundvöllur frekari stefnumörkunar í málaflokknum, í óbreyttri mynd.

Skaðinn af ógreindu og ómeðhöndluðu ADHD getur verið gríðarlegur. Ekki bara fyrir einstaklinginn sjálfan og fjölskyldu hans, heldur einnig samfélagið allt. Á liðnu ári beindu ADHD samtökin sérstakri athygli að þessum þáttum, ekki síst til að þrýsta á kröftugri aðgerðir stjórnvalda til að bæta þjónustuna.

ADHD samtökin hafa um langt skeið barist fyrir því að sálfræðiþjónusta verði niðurgreidd á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta og hún felld undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands eins fljótt og auðið er. Snemmbært aðgengi að greiningu og sálfræðimeðferð er til þess fallin að draga verulega úr margvíslegum kostnaði, hvort heldur átt er við fjárhagslegan kostnað samfélagsins eða þann mannlega kostnað sem einstaklingar þurfa að bera. Sálfræðiþjónusta getur oftast en ekki verið nauðsynleg til að hjálpa viðkomandi að verða fullgildur þátttakandi í samfélaginu og um leið gera honum kleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.

Á árinu var áfram unnið með yfirvöldum að innleiðingu laga um farsæld barna. Þar er að finna ýmsar framfarir í málefnum barna ásamt því að skýra alla verkferla og mikil áhersla lögð á samfellu í þjónustu og snemmtæka íhlutun. Mikilvægt er að fylgja vel eftir innleiðingu laganna á næstu árum.

Þá var mikil vinna lögð í að bæta réttarstöðu fólks sem notar ADHD lyf í umferðinni. Ítrekað hafa komið upp tilvik á liðnum árum þar sem svo virðist sem ADHD lyf hafi verið grunnur að ökuleyfissviptingu, þvert gegn áður viðteknum vinnureglum lögreglu og dómstóla. Eftir að hafa ítrekað kallað eftir upplýsingum frá Ríkislögreglustjóra um framkvæmd þessara mála fengust loksins svör á árinu og á grundvelli þeirra útbjuggu samtökin greinargerð og formlegar tillögur um breytt lagaumhverfi og vinnutilhögun í málaflokknum. Innviðaráðuneytið hefur tekið tillögunum vel og er nú unnið að endurskoðun lagaumhverfisins á grundvelli tillagna ADHD samtakanna. Samtökin munu á næstu misserum fylgja málinu eftir til að bæta réttarstöðu þeirra sem nota ADHD lyf.

Einnig var mikil vinna lögð í að kanna og kalla eftir svörum varðandi réttindi fólks með ADHD, sem vinnur við flugrekstur. Eftir ítrekaðar ábendingar um að brotið væri á réttindum fólks með ADHD, ekki síst þeim nýta lyf vegna ADHD, sendu samtökin formlegt erindi til ISAVIA, Samgöngustofu, Icelandair, Fly Play, Heilsuvernd og Fluglæknasetrinu þar sem óskað var eftir skýrum svörum við nokkrum spurningum er varða starfshætti flugrekstraraðila þegar kemur að ráðningum og eftirliti með heilsufari starfsfólks, ekki síst með tilliti til ADHD og mögulegrar lyfjanotkunar vegna þess. Svör bárust frá flestum og er nú unnið að eftirfylgni málsins, bæði hér heima og á alþjóðavettvangi.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að koma inn almennri fræðslu um ADHD í menntastofnanir landsins og ekki síst inn í grunnám kennara. Með réttum kennsluáferðum er hægt að bæta verulega líðan barna með ADHD í skóla, íþróttum og öðru frístunda starfi. Í þessu samhengi má reyndar benda á að „sértækar lausnir“ hvað þetta varðar reynast oft ekki sértækari en svo að breytingin gagnast börnum í heild. Stórefld fræðsla ADHD samtakanna fyrir kennara og annað starfsfólk skóla er liður í þessu mikilvæga verkefni.



Hrannar Björn Arnarsson
Framkvæmdastjóri
Netfang: hrannar@adhd.is



Elín H. Hinriksdóttir
Sérfræðingur
Netfang: elin@adhd.is



Sindri Freyr Ásgeirsson
Verkefnastjóri upplýsingamála
Netfang: sindri@adhd.is



Paula Newman
Verkefnastjóri
Netfang: paula@adhd.is



Guðni Rúnar Jónasson
Verkefnastjóri
Netfang: gudni@adhd.is



Jóna Kristín Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri fræðslumála
ADHD samtakanna
Netfang: jonakristin@adhd.is

Starfsmannamál

Starfsmenn samtakanna voru í lok árs fjórir talsins.

Hrannar Björn Arnarsson framkvæmdastjóri í 100% starfi.

Elín Hoe Hinriksdóttir sérfræðingur í 100% starfi.

Guðni Rúnar Jónasson verkefnastjóri skrifstofu í 100% starfi.

Jóna Kristín Gunnarsdóttir verkefnastjóri fræðslumála í 100% starfi.

Paula Newman og **Sindri Freyr Ásgeirsson** störfuðu einnig hjá samtökunum megnið af árinu, en sneru til annarra starfa.

Líkt og fyrri ár lögðu stjórnarmenn ADHD samtakanna á sig talsverða vinnu fyrir samtökin í þeim verkefnum sem fyrir lágu ásamt forsvarsmönnum útibúa. **Erna Sigrún** og **Sigríður Pedersen** stóðu vaktina hjá ADHD Norðurlandi. **Ása Ingibergsdóttir** og **Ásta Björk Guðnadóttir** hjá ADHD Eyjum. **Sigurlín H. Kjartansdóttir** fyrir ADHD Austurland. **Helga Helgadóttir**, **Inga Dóra Ragnarsdóttir** og **Violette Meyssonier** fyrir ADHD Suðurland. **Hjördís Ólafsdóttir**, **Hólmfríður Árnadóttir** **Heiða Ingólfssdóttir**, **Hanna Birna Valdimarsdóttir** og **Sigrún Bjarglind Valdimarsdóttir** fyrir ADHD Suðurnes. **Lilja Gréta**, **Josefina Morell** og **Stefanía Björg Jónsdóttir** fyrir ADHD Vesturland og **Helena Jónsdóttir** og **Sigríður Álfhildardóttir** fyrir ADHD Vestfirði.

Framlag þeirra er mikils virði fyrir samtökin en öll þeirra vinna er unnin í sjálfböðastarfi.

Stjórn samtakanna

Aðalfundur samtakanna var haldinn þann 16. apríl 2024. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa samþykkti fundurinn ályktun undir yfirskriftinni Vantraust og kerfishrun í þjónustu við fólk með ADHD.

Í samræmi við lög samtakanna var kjorið í helming stjórnarsæta til ársins 2026 en stjórn ADHD samtakanna skipa sjö aðalmenn og tveir til vara. Allir stjórnarmenn sem voru til endurkjörs gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og voru endurkjörnir, en nýr varamaður, Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir var kjörin í varastjórn í stað Björns S. Traustasonar.

Stjórnin samtakanna árið 2023-2024 var þannig skipuð:

Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður (kosinn til aðalfundar 2025)

Gyða Haraldsdóttir, varaformaður (kosin til aðalfundar 2025)

Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri (kosin til aðalfundar 2026)

Tryggvi Axelsson, ritari (kosinn til aðalfundar 2026)

Sigrún Jónsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2026)

Bóas Valdórsson, meðstjórnandi (kosinn til aðalfundar 2025)

Ása Ingibergsdóttir, meðstjórnandi (kosin til aðalfundar 2026)

Varamenn:


Hólmfríður Jennýjar Árnadóttir, (kosin til aðalfundar 2026)

Bergþór Heimir Þórðarson, (kosinn til aðalfundar 2025)

Stjórn samtakanna fundaði 10 sinnum á liðnu ári, yfirleitt fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Samþykkt á stjórnarfundum 3. mars 2025.

Fyrir hönd stjórnar,



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður



ÁRSREIKNINGUR

ADHD samtökin fta.

Ársreikningur
2024

ADHD samtökin fta.
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
590588-1059

Óendurskoðaður ársreikningur

Efnisyfirlit

Ársreikningur 2024

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	3	Efnahagsreikningur	8
Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna	5	Sjóðstreymi	10
Áritun skoðunarmanna	6	Skýringar	11
Rekstrarreikningur	7		

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur 2024

ADHD samtökin fta. eru landssamtök til stuðnings börnum og fullorðnum með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir. Samtökin voru stofnuð árið 1988 og hétu þá Foreldrafélag misþroska barna. Á árinu 2022 voru ADHD samtökin samþykkt sem félag til almannaheilla, í samræmi við lög þar um. Stjórn samtakanna hefur einnig sett sér starfsreglur í samræmi við nýjar samþykktir fyrir ADHD samtökin fta.

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með ADHD og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og hafi gott aðgengi að þjónustu sem hefur það að markmiði að hámarka hæfni þeirra og lífsgæði á öllum aldursskeiðum.

Eftir annasamt 35 ára afmælisár árið 2023, var liðið starfsár meira með hefðbundnu sniði. Árið var nýtt til að sinna brýnum hagsmunamálum, upplýsingagjöf og sífellt vaxandi fræðslustarfi og námskeiðahaldi. Félagsmönnum fjölgaði úr 4470 í 4776 eða um 7%.

Á árinu var starfsemi í öllum sjö útibúum samtakanna, námskeiðahald og fræðslustarf samtakanna jókst enn og mikil áhersla var lögð á lyfjamál, ADHD og samgöngur og baráttu fyrir bættri og aukinni þjónustu hins opinbera við greiningar og meðferð vegna ADHD.

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna voru veitt í fjórða sinn á árinu og hlaut Hljóðbókasafn Íslands viðurkenninguna að þessu sinni.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Að áliti stjórnar ADHD samtakanna koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31. desember 2024, afkomu árið 2024 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu störfuðu að meðaltali rúmlega 4 starfsmenn hjá félaginu og námu launagreiðslur samtals 56,3 millj. kr. Að auki greiddi félagið 1,2 millj. kr. í bifreiðastyrk og 13,4 millj. kr. í launatengd gjöld. Á árinu greiddu samtökin 3 millj. kr. í verktakagreiðslur til stjórnarmanna vegna námskeiða og spjallfunda.

Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn

Ársreikningur

Tap varð af rekstri samtakanna á árinu 2024 að fjárhæð 12,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins í lok ársins var jákvætt um 3,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn ADHD samtakanna staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024.

Reykjavík, 04 mars 2025

Stjórn:



Vilhjálmur Hjálmarsson, formaður




Elín Hrefna Garðarsdóttir, gjaldkeri



Bóas Valdórsson



Ása Ingibergsdóttir



Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir, varaformaður



Tryggvi Axelsson, ritari



Sigrún Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri:



Hrannar Arnarsson

Skýrsla og áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Ársreikningur 2024


Við höfum yfirfarið ársreikning ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við höfum látið í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar.

Það er okkar álit að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samtakana á árinu 2024 og efnahag þess 31. desember 2024 í samræmi við lög og samþykktir þeirra og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 04 mars 2025


Árný Ingvarsdóttir


Þórarinn Snorri Sigurgeirsson

Áritun skoðunarmanns

Ársreikningur 2024

Til stjórnar og félagsmanna ADHD samtakanna fta.

Inngangur

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings ADHD samtakanna fta. fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn er byggður á gögnum félagsins og upplýsingum frá stjórnendum þess.

Umfang

Könnun okkar var unnin í samræmi við íslensk lög og venjur, sem fjallar um könnun á reikningsskilum. Samkvæmt staðlinum ber okkur að skipuleggja og framkvæma könnun til að öðlast hæfilega vissu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Könnun takmarkast fyrst og fremst við fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum starfseminnar ásamt greiningum á hinum ýmsum liðum reikningsskilanna og veitir þar af leiðandi minni fullvissu en endurskoðun. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun og látum þar af leiðandi ekki í ljós álit um endurskoðun.

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ADHD samtakanna á árinu 2024, efnahag þann 31. desember 2024 og yfirlit um sjóðstreymi ársins 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 04 mars 2025

APaL ehf.

Sigur Arnarson

Rekstrarreikningur 2024

Ársreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur	2, 10	104.940.570	105.575.657
Afmælisráðstefna og hátíð	11	0	3.882.400
Aðrar tekjur	12	249.210	640.024
		<u>105.189.780</u>	<u>110.098.081</u>
Rekstrargjöld			
Fræðsla, kynningar og fjáröflun	13	30.890.351	36.678.606
Laun og launatengd gjöld	14	70.861.613	67.277.855
Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar	15	0	13.360.069
Húsnæðiskostnaður	16	3.709.942	3.789.977
Annar rekstrarkostnaður	17	12.023.316	15.517.159
		<u>117.485.222</u>	<u>136.623.666</u>
Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		<u>(12.295.442)</u>	<u>(26.525.585)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur	18	313.846	1.485.662
Fjármagnsgjöld	19	(173.707)	(156.076)
		<u>140.139</u>	<u>1.329.586</u>
(Tap) hagnaður ársins		<u><u>(12.155.303)</u></u>	<u><u>(25.195.999)</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Efnahagsreikningur

Ársreikningur 2024

		Eignir		
		Skýr.	2024	2023
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteign	20	20.764.733	20.764.733	
Fastafjármunir samtals	5, 20	<u>20.764.733</u>	<u>20.764.733</u>	
Fastafjármunir samtals		<u>20.764.733</u>	<u>20.764.733</u>	
Veltufjármunir				
Birgðir		6.400.000	7.167.646	
Viðskiptakröfur	6	467.378	2.369.725	
Handbært fé	8	283.312	709.622	
		<u>7.150.690</u>	<u>10.246.993</u>	
Eignir samtals		<u>27.915.423</u>	<u>31.011.726</u>	

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

31. desember 2024

Ársreikningur 2024

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2024	2023
Eigið fé			
Stofnfé		4.621.194	4.621.194
Óráðstafað eigið fé	(996.847)	11.158.456
	21	<u>3.624.347</u>	<u>15.779.650</u>
Skammtímaskuldir			
Bankalán		3.962.354	0
Aðrar skammtímaskuldir		<u>20.328.722</u>	<u>15.232.076</u>
		<u>24.291.076</u>	<u>15.232.076</u>
	Skuldir samtals	<u>24.291.076</u>	<u>15.232.076</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>27.915.423</u></u>	<u><u>31.011.726</u></u>

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Yfirlit um sjóðstreymi 2024

Ársreikningur 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarafkoma		(12.155.303)	(25.195.999)
Veltufé til rekstrar		(12.155.303)	(25.195.999)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		767.646	(2.951.643)
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		1.902.347	2.132.711
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)		5.096.646	4.685.512
Handbært fé (til) frá rekstri		(4.388.664)	(21.329.419)
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	20	0	(14.260.000)
		0	(14.260.000)
Fjármögnunarhreyfingar			
Bankalán		3.962.354	0
		3.962.354	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		(426.310)	(35.589.419)
Handbært fé í upphafi ársins		709.622	36.299.041
Handbært fé í lok ársins		283.312	709.622

Skýringar á blaðsíðu 11 til 16 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum

Skýringar

Ársreikningur 2024

Almennar upplýsingar

ADHD samtökin eru skráð á Íslandi. Samtökin eru með höfuðstöðvar í Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík. Ársreikningur félagsins er fyrir árið 1. janúar til og með 31. desember 2024.

Félagið var stofnsett á árinu 1988. Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Innlausn tekna

2. Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af styrkjum og framlögum, félagsgjöldum, seldum námskeiðum, bókum og vörum. Tekjur og vaxtatekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið, að undanskyldum félagsgjöldum sem eru til tekna við innheimtu.

Erlendir gjaldmiðlar

3. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í lok reikningsskilatímabils. Áfallinn gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

Fjármagnskostnaður

4. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á upphaflegu kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand. Eignin er ekki afskrifuð á líftíma hennar.

Viðskiptakröfur

6. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnvirði. Félagsgjöld sem innheimtast í upphafi næsta árs eru færð meðal krafna. Einnig er meðal krafna styrktarloforð sem ógreidd eru um áramót.

Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra

7. Á árinu 2018 kom í ljós að fyrrum framkvæmdastjóri samtakanna hafði dregið að sér umtalsverða fjármuni. Framkvæmdastjóra var umsvifalaust vikið frá störfum. Þann 29.04.2020 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness fyrrum framkvæmdastjóra til að greiða samtals 9,2 millj. kr. auk málskostnaðar 168 þús. kr. auk dráttarvaxta. Krafa á fyrrum framkvæmdastjóra hefur því verið færð niður í samsvarandi fjárhæð í gegnum eigið fé, en er í innheimtufarli.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2024

Handbært fé

8. Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnistæðum og skammtíma-verðbréfum til skemmri tíma en þriggja mánaða að frádregnum yfirdrætti á bankareikningum.

Skuldbindingar

9. Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Rekstrarreikningur

Tekjur

	2024	2023
10. Tekjur samtakanna skiptast með eftirfarandi hætti:		
Styrkir	43.251.859	35.151.109
Framlög frá Ríkissjóði	13.000.000	19.515.000
Framlög frá Öryrkjabandalagi Íslands	15.116.048	9.301.249
Styrkir sveitarfélaga	3.549.512	3.825.000
Evrópuverkefni Childs talks	457.963	834.191
Framlög vegna Reykjavíkumaraþons	238.510	716.340
	<u>75.613.892</u>	<u>69.342.889</u>
Félagsgjöld	<u>11.798.153</u>	<u>10.869.709</u>
Námskeið	12.738.570	17.812.273
Fyrirlestrar og fræðsla	2.126.750	2.062.000
Málþing	365.000	0
	<u>15.230.320</u>	<u>19.874.273</u>
Vörusala og seldar bækur	1.937.319	3.597.677
Endurskinsmerki	360.886	1.891.109
	<u>2.298.205</u>	<u>5.488.786</u>
Tekjur samtals	<u>104.940.570</u>	<u>105.575.657</u>
11. Tekjur vegna afmælishátíðar		
Þátttökugjöld afmælisráðstefnu	0	3.882.400
	<u>0</u>	<u>3.882.400</u>
12. Aðrar tekjur		
Styrkur vegna starfsþjálfunar	0	174.904
Tekjur vegna gámaleigu	186.437	0
CHADD ráðstefna	62.773	465.120
	<u>249.210</u>	<u>640.024</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2024

	2024	2023
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		
13. Fræðsla, kynningar og fjáröflun:		
Kostnaður við námskeið	9.962.502	14.461.665
Málþing	612.400	0
Spjallfundir	613.861	1.630.627
Ráðstefnur	196.492	597.119
Markaðs- og fræðslukostnaður	2.123.478	3.913.903
KIK- kærleikur í kaos	1.921.542	0
	<u>15.430.275</u>	<u>20.603.314</u>
Kostnaður við fjáröflun, vörusölu og sölu bóka skiptist með eftirfarandi hætti:		
Aðkeypt þjónusta við fjáröflun	13.579.003	12.650.009
Kostnaðarverð seldra vara	331.726	4.286.878
Bækur	492.942	588.969
Birgðabreyting	767.646	(2.951.643)
Útgáfa bæklinga	32.702	596.097
Burðargjöld	256.057	904.982
	<u>15.460.076</u>	<u>16.075.292</u>
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	<u>30.890.351</u>	<u>36.678.606</u>
Laun og launatengd gjöld		
14. Laun og launatengd gjöld skiptast með eftirfarandi hætti:		
Laun	56.287.792	51.421.100
Áunnið orlof	0	2.000.000
Ökutækjastyrkur	1.163.571	1.192.500
Lífeyrissjóður	8.168.405	7.714.179
Tryggingagjald	4.166.860	3.830.812
Önnur launatengd gjöld	1.074.985	1.119.264
	<u>70.861.613</u>	<u>67.277.855</u>
Meðalfjöldi starfsmanna	4,5	4,5

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2024

<i>Rekstrarkostnaður</i>	2024	2023
15. Kostnaður vegna afmælisráðstefnu og hátíðar		
Afmælisráðstefna	0	6.882.226
Afmælisblað	0	4.858.521
Sumarhátíð	0	457.882
Afmælishátíð	0	1.161.440
	<u>0</u>	<u>13.360.069</u>
16. Húsnæðiskostnaður		
Rekstur sameignar	1.279.434	1.111.499
Fasteignagjöld	245.238	239.730
Viðhald húsnæðis	2.021.730	1.993.325
Salarleiga	37.500	114.000
Leiga á skrifstofu	0	180.000
Annar rekstrarkostnaður fasteignar	126.040	151.423
	<u>3.709.942</u>	<u>3.789.977</u>
17. Annar rekstrarkostnaður		
Hlutdeild í launum húsfélags og Þroskahjálpar	315.008	1.012.480
Árgjöld	237.627	238.941
Fundakostnaður	314.116	664.575
Samskiptakostnaður	559.913	410.910
Skrifstofuvörur	77.952	319.629
Áhöld og tæki	211.673	1.020.144
Rekstur tölvukerfis	385.815	365.961
Rekstur heimasíðu	1.843.633	1.384.599
Bókhaldsþjónusta og gerð ársreiknings	3.724.012	3.768.902
Aðkeypt þjónusta	0	605.000
Lögfræðikostnaður	0	39.586
Dagpeningar	486.234	1.061.515
Ferðakostnaður	2.138.837	2.036.877
Annar starfsmannatengdur kostnaður	578.792	651.741
Banka- og þjónustugjöld	1.125.313	1.308.774
Gjafir og styrkir	20.000	500.000
Annar kostnaður	4.391	127.525
	<u>12.023.316</u>	<u>15.517.159</u>

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2024

Rekstrarkostnaður, framhald

Fjármunatekjur

2024 2023

18. Fjármunatekjur skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtatekjur	313.846	1.485.662
-------------------	---------	-----------

Fjármagnsgjöld

19. Fjármagnsgjöld skiptast með eftirfarandi hætti:

Vaxtagjöld	174.331	61.667
Fjármagnstekjuskattur	(624)	94.409
	<u>173.707</u>	<u>156.076</u>

Varanlegir rekstarfjármunir

20. Varanlegir rekstarfjármunir greinast þannig:

2023

Fasteign

Heildarverð 01.01.	6.504.733
Keypt á árinu	14.260.000
Bókfært verð 31.12.	<u>20.764.733</u>

2024

Heildarverð 01.01.	20.764.733
Bókfært verð 31.12.	<u>20.764.733</u>

Eignarhluti í fasteigninni Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík, fastanúmer F2500026 og F2246700 nemur 10,4% á hvoru fastanúmeri. Fasteignamat eignarhlutarins nemur 24,8 millj. kr. og brunabótamat 42 millj. kr. Eignin er veðbandslaus.

Skýringar, frh:

Ársreikningur 2024

Eigið fé

21. Yfirlit um eigið fé:

2023	Stofnifé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 01.01.	4.621.194	36.354.455	40.975.649
Tap ársins		(25.195.999)	(25.195.999)
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>11.158.456</u>	<u>15.779.650</u>
 2024			
Eigið fé 01.01.	4.621.194	11.158.456	15.779.650
Tap ársins		(12.155.303)	(12.155.303)
Eigið fé 31.12.	<u>4.621.194</u>	<u>(996.847)</u>	<u>3.624.347</u>